



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 3. september 2019
SFS2019020033
168. fundur
HG/et

Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: *Embættisafgreiðsla sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs*

Bréf frá Sævari Reykjalin, dags. 15. júlí 2019, þar sem óskað er eftir að skóla- og frístundaráð taki til skoðunar möguleg brot á lögum nr. 91/2008 þar sem fjallað er um starfsemi og tilgang skólaráðs en málið má rekja til tillögu um að samþykktar verði nýjar reglur er varða strætókort til nemenda grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Svarað með bréfi dags. 25. ágúst 2019, þar sem fram kemur m.a. að skólaráð Kelduskóla hafi sent skóla- og frístundasviði, dags. 19. ágúst 2019, umsögn vegna tillögu um að samþykktar verði nýjar reglur er varða strætókort til nemenda grunnskóla Reykjavíkur.

Reykjavík 15.7.2019

Kæru fulltrúar í Skóla- og frístundaráði

Ég heiti Sævar Reykjalin, er Reykvíkingur og þriggja barna faðir í Grafarvogi og í stjórn foreldrafélags Kelduskóla. Ég skrifa þetta sem íbúi og foreldri í Grafarvogi.

Ég óska eftir því að Skóla- og frístundaráð (SFR) taki til skoðunar mögulegt brot á lögum 91/2008 en þar er fjallað um starfsemi og tilgang Skólaráðs.

„Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.“

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Á fundi SFR númer 163 var lagt fram „Minnisblað um breytingar á reglum um afhendingu farniða til nemenda í grunnskólum borgarinnar“ og þar má finna eftirfarandi:

„Skólaráð Hagaskóla og Laugarnesskóla gera ekki athugasemdir við tillögurnar. Ekki bærust umsagnir frá Kelduskóla og Melaskóla“

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/163_6.1_minnisblad_breyting_a_reglum_um_straeto_0.pdf

Skóla- og frístundasvið (SFS) óskaði eftir umsögnum frá skólaráðum þeirra skóla sem breytingarnar gætur haft áhrif á enda segja lögin að skólaráð skuli fá til umsagna áætlanir um meiri háttar breytingar.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

SFS sendi skólastjóra Kelduskóla beiðni 1. febrúar um að leggja skuli mögulega breytingu fyrir skólaráð Kelduskóla, (sjá staðfestingu í tölvupóst frá Helga Grímssyni). Það var hinsvegar aldrei gert. SFS sendir skólastjóranum áminningu um að skila inn umsögn 23 apríl og var henni heldur ekki svarað.

Viðkomandi skólastjóri fer því ekki eftir fyrirmælum SFS og um leið brýtur gegn títt nefndum lögum. Fer sem sagt bæði gegn beiðni frá yfirboðurum sínum sem og lögum. Þetta eitt og sér er há alvarlegt mál, en um leið og skólastjórinn tekur ákvörðun um að leggja þetta ekki fyrir skólaráð brýtur hún um leið trúnað við ráðið þar sem henni ber samkvæmt lögum að bera þessar breytingar undir skólaráð. Í lögunum er það skýrt að þetta er ekki valkvætt fyrir skólastjóranum enda segja fyrirmæli SFS sem og lögin að leggja skildi málið fyrir skólaráð.

Nú hefur undirrituðum borist eftirá skýring frá Helga Grímssyni, sviðstjóra SFS fyrir hönd skólastjórans.

„...þótti á sínum tíma ekki ástæða til að taka málið upp í skólaráðinu því málið tengist þeirri vinnu sem fram fór í vetur um skipulag skólastarfs í norðanverðum Grafarvogi og þar var mikið fjallað um skólaakstur sem ákvörðun yrði tekin um samhliða hugsanlegum breytingum á skólastarfi í hverfinu.“

(sjá: Póstur frá Sviðstjóra - fylgiskjal)

Hér staðfestir sviðsstjóri að það hafi verið ákvörðun skólastjóra að brjóta lögin og um leið veitir hann sitt samþykki fyrir því. Báðir aðilar virðast ekki gera sér grein fyrir því að um skólaráða gilda lög sem hvorki sviðstjórinn né skólastjórinn hafa rétt til að brjóta eða beygja.

Tölvupósturinn frá sviðstjóranum sýnir líka svo ekki verðu um villst að ofangreind skýring er til þess eins að breiða yfir óafsakanleg vinnubrögð því að beiðni barst 1 febrúar frá SFS og ákvörðun um starfshópin var ekki tekinn fyrir en á fundi nr. 155, 12 mars. Þegar beiðni barst 1 febrúar gat skólastjóri því ekki með nokkru móti vitað að skipaður yrði starfshópur sem fjalla myndi um skólamál í norðanverðum Grafarvogi. Starfshópurinn sjálfur tók ekki til starfa fyrir en um mánaðarmótin mars/apríl og því fram því engin umræða búin að fara fram.

<https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-155>

Því miður fyrir alla hluteigandi þá endar málið ekki hér því 8 júlí sendir skólastjórinn eftirfarandi tölvupóst á eingöngu hluta þeirra sem eru í skólaráði:

Sæl og blessuð

Hef fengið athugasemdir vegna þess að eftirfarandi erindi, sjá neðst í pósti var ekki tekið fyrir í skólaráði Kelduskóla og gerð umsögn um það. Þar sem skólaakstur var til umfjöllunar í starfshópi um skólahald í norðanverðum Grafarvogi á sama tíma og fékk þar ítarlega umfjöllun var erindið ekki lagt fyrir skólaráð.

En það nægir ekki og skólaráð þarf að gefa umsögn um erindið og senda í síðasta lagi fyrir 15. júlí til SFS.

Það eru tveir möguleikar í stöðunni.

- 1. Halda stuttan fund þriðjudaginn 9. júlí kl. 9:00 í Kelduskóla Vík og fjalla um tillögu að umsögn, sjá hér að neðan.**
- 2. Afgreiða erindið með tölvupóstsamskiptum.**

(Sjá: Póstur frá skólastjóra til skólaráðs - fylgiskjal)

- Í þessum tölvupósti boðar skólastjórinn til fundar innan við sólahring eftir að pósturinn er sendur út.
- Hún sendir fundarboðið ekki á alla í skólaráðinu..
- Samkvæmt reglum um skólaráðsins þá fundar það eingöngu á starfstíma skólans. <https://kelduskoli.is/skolarad/>
- Skólastjórinn og SFS setja afarkosti um hvenær skuli skila inn umsögninni.

- Skólastjórinn skrifar sjálf tillöguna og rökstuðninginn og óskar eftir staðfestingu skriflega í tölvupósti. Þannig að umsögnin er ekki einu sinni frá skólaráði heldur saminn af skólastjóranum.
- Þetta sendir skólastjórinn út með samþykki og blessun SFS sem tekur þátt í þessu augljósa broti á bæði lögum um skólaráð sem og þær starfsreglur sem skólaráðið hefur sjálft sett sér.
- Þetta er sent á þeim tíma sem flestir eru í sumarfríum og allt skólastarf liggur niðri.
- Skólaráð saman stendur af tveimur fulltrúum nemenda sem eru ekki í þessum pósti og þar með eru raddir nemenda útilokaðar frá þáttöku í meiriháttar breytingu á þeirra högum.
- Allt ofangreint er gert með blessun sviðstjóra skóla- og frístundasviðs.

Ofangreind umsögn sem og fylgiskjöl sýna svo ekki verði um villst að lög 91/2008 voru brotin í þessu máli af hendi skólastjórans. Brot þetta virðist hafa verið framkvæmt með vilja og blessun sviðsstjóra SFS. Skólastjórinn er nú að óska eftir umsögn frá nokkrum meðlimum skólaráðs í gegnum tölvupóst um umsögn sem hún samdi sjálf, sendir út með samþykki SFS.

- Hér hafa því verið brotin lög, brotin trúnaður við börn og foreldra Kelduskóla og óska ég eftir því að formlega verði um þetta mál fjallað á næsta fundi Skóla- og frístundaráðs og til lykta leitt hvort um lögin hafi verið brotin.
- Óska ég eftir að Skóla- og frístundaráð skoði einnig þátt sviðstjóra í þessu máli.
- Óska eftir að Skóla- og frístundaráð ítreki að lög 91/2008 séu í gildi og að starfsmönnum Skóla- og frístundasviðs beri að fara eftir þeim. Það sé ekki geðþóttaákvörðun starfsmanna að fara eftir þeim.
- Óska eftir formlegri afsökunarbeiðni frá skólastjóra sem og SFS til allra þeirra sem skipa skólaráð, bæði frá skólastjóra sem og sviðstjóra SFS.
- Óska eftir því að Skóla- og frístundaráð álykti að óskað verði eftir umsögn frá skólaráði Kelduskóla þegar skólinn kemur aftur til starfa á nýju skólaári eins og lög 91/2008 gera ráð fyrir sem og starfsreglur.

Virðingafyllt

Sævar Reykjalin Sigurðarson

ATH póstur þessi ásamt fylgigögnum var einnig sendur áfram á fréttastofur RÚV, Vísis, Fréttablaðisins, MBL, Umboðsmann barna og deilt á opnum svæðum Grafarvogsbúa og tengdum aðilum á hinum ýmsu samskiptamiðlum.



Sævar Reykjalín Sigurðarson

Efni: Vegna skólaráða

Vísað er til bréfs, dags. 15. júlí 2019, þar sem óskað er eftir að skóla- og frístundaráð taki til skoðunar möguleg brot á lögum 91/2008 þar sem fjallað er um starfsemi og tilgang skólaráðs en málið má rekja til tillögu um að samþykktar verði nýjar reglur er varða strætókort til nemenda grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Erindi þessu er svarað af undirrituðum á grundvelli heimildar í d. lið 2. gr. viðauka 2.6 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar um embættisafgreiðslu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Erindi þitt og svar undirritaðs verður lagt fram til kynningar á næsta reglulega fundi skóla- og frístundaráðs.

Skólaráð Kelduskóla hefur sent skóla- og frístundasviði umsögn ráðsins frá 19. ágúst 2019 en til samræmis við 1. mgr. 8. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 ber að leggja tillögu að nýjum reglum fyrir skólaráð þeirra skóla sem málið varðar sérstaklega.

Upplýst er um að enn eru í gildi reglur Reykjavíkurborgar um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar sem þurfa að nota hópferðabifreiðar til að komast í skólann. Nýjar reglur um strætókort til nemenda eru í undirbúningi en hafa ekki verið samþykktar í borgarráði. Skólaakstur er því óbreyttur.

Skóla- og frístundaráðs samþykkti þann 25. júní sl. að nýjar reglur tækju gildi þann 22. ágúst 2019. Þó áttu nýjar reglur ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 2020 fyrir nemendur í 1.-4. bekk Hlíðaskóla með lögheimili í Suðurhlíðum og nemendur í 1.-4. bekk Melaskóla með lögheimili í Skerjafirði.

Með vísan til þess að það láðist að gefa foreldrafélögum þeirra skóla sem málið varðar kost á að koma á framfæri umsögn samþykkti skóla- og frístundaráð í dag að málið verði endurupptekið og vísað til umsagnar foreldrafélaga þeirra skóla sem breyting mun hafa áhrif á. Foreldrafélag Kelduskóla mun því fá málið til umsagnar.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðstjóri skóla- og frístundasviðs